



Nefndasvið Alþingis

Reykjavík, 31. mars 2015

Varðar: Þingskjal 608, frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1998 með síðari breytingum, mál 411.

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands fagnar framkomnu frumvarpi um ofangreint mál. Eins og fram kemur í frumvarpinu byggist íþróttastarf á Íslandi á þátttöku sjálfboðaliða. Störf þeirra í íþróttahreyfingunni eru margvísleg, með mismunandi ábyrgð. Til að mynda er ábyrgð stjórnarmanna í öllum einingum íþróttahreyfingarinnar mjög mikil, samanber skil á opinberum gjöldum, framtals- og skýrsluskil og daglegan rekstur íþróttafélaga og mannvirkja.

Íþróttahreyfingin er sístækkandi og mannvirkjaþörfin eykst í takt við þann vöxt. Á höfuðborgarsvæðinu og víða um land anna íþróttamannvirki engan veginn þörfum íþróttahreyfingarinnar um húsnæði. Sú breyting að endurgreiða 100% virðisaukaskatts eins og nánar er tilgreint í frumvarpinu er líkleg til að virka sem hvati til bygginga, viðhalds og endurbóta á íþróttamannvirkjum.

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands fagnar öllum breytingum sem lúta að því að gera rekstur íþróttahreyfingarinnar auðveldari, einfalda starfsumhverfi sjálfboðaliða og minnka fjárhagslega ábyrgð þeirra.

Aðgengi íþróttafélaga að fjármunum er takmarkað og þátttaka yngri flokka í mótum er mikið til fjármögnuð af foreldrum/forráðamönnum iðkenda með fjáröflunum af ýmsum toga. Niðurfelling virðisaukaskatts af sölu auglýsinga, útgáfustarfsemi, verslunarrekstri, veitingasölu og sölu varnings og þjónustu myndi létta undir bæði hvað varðar rekstur og umsýslu með vörsluskatt.

**Virðingarfyllst,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS**

Líney Rut Halldórsdóttir
framkvæmdatjóri